

AUGLÝSING
um bókun um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum
í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2014.

Hinn 28. mars 2014 var undirrituð í Reykjavík sameiginleg bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2014. Alþingi hafði með þingsályktun nr. 20/143 hinn 12. maí 2014 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta bókunina. Bókuninni var beitt til bráðabirgða frá 28. mars 2014.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. október 2021.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMEIGINLEG BÓKUN
um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska
síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2014.

Reykjavík, 28. mars 2014.

1. Sendinefnd Íslands undir forystu Kristjáns Freys Helgasonar, sendinefnd Evrópusambandsins undir forystu John Spencer, sendinefnd Noregs undir forystu Sigrun M. Holst og sendinefnd Rússneska sambandsríkisins undir forystu Yuri Lepesevich funduðu í London 4.–6. febrúar 2014 til að eiga viðræður um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2014. Fundur þessi var framhald fyrri funda sem haldnir voru í London. Viðræðunum var lokið með bréfaskiptum.
2. Sendinefndirnar komu sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, það fyrirkomulag um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2014, sem greinir í I. viðauka við bókun þessa. Enn fremur komu þær sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, það fyrirkomulag langtímastjórnunar sem greinir í II. viðauka.
3. Sendinefndirnar tóku fram að Evrópusambandið, Færeyjar, Ísland, Noregur og Rússneska sambandsríkið hefðu árið 2013 komið sér saman um að setja á fót vinnuhóp til að safna upplýsingum og flokka þær um dreifingu allra æviskeiða (egg, lirfur, óproskuð, fullproskuð) norsk-íslensku síldarinnar í Norðaustur-Atlantshafi og Barentshafi, og um dreifingu veiða úr stofninum. Erindisbréf vinnuhópsins er að finna í III. viðauka.
4. Þessari sameiginlegu bókun, ásamt tvíhliða samningum sem tengjast framkvæmd hennar, skal beitt til bráðabirgða frá og með undirritunardegi hennar og öðlast gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð þeirra sé lokið.
5. Sendinefndirnar hvöttu aðila til að þróa vísindarannsóknir sínar til að auka upplýsingar um mat á stofninum og stjórnun veiða úr honum.
6. Sendinefndirnar komu sér saman um að setja til hliðar 21.594 lestir fyrir Færeyjar á grundvelli þess fyrirkomulags um skiptingu sem samþykkt var af aðilum í Ósló 18. janúar 2007.
7. Sendinefndirnar komu sér saman um að fara þess á leit að Ísland, sem gestgjafi viðræðnanna, láti Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni (NEAFC) í té eintak af þessari sameiginlegu bókun ásamt viðaukunum við hana.

Reykjavík, 28. mars 2014.

Fyrir sendinefnd Íslands
Kristján Freyr Helgason

Fyrir sendinefnd Evrópusambandsins
John Spencer

Fyrir sendinefnd Noregs
Sigrun M. Holst

Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins
Yuri Lepesevich

I. VIÐAUKI

1. Leyfilegur heildaraflí úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2014 er ákveðinn 418.487 lestir.
2. Samkvæmt framantöldu munu aðilar takmarka veiðar sínar úr síldarstofninum á árinu 2014 á grundvelli eftirfarandi kvóta:

Evrópusambandið	27.244 lestir
Ísland	60.722 lestir
Noregur	255.277 lestir
Rússneska sambandsríkið	53.650 lestir
3. Hver aðili getur fært ónotaðan hluta, allt að 10% af þeim kvóta sem honum er úthlutað fyrir árið 2014, yfir á þann kvóta sem honum verður úthlutað fyrir árið 2015. Slík færsla kemur til viðbótar þeim kvóta sem aðilanum er úthlutað fyrir árið 2015.
4. Hver aðili getur heimilað skipum sínum að veiða allt að 10% umfram hinn úthlutaða kvóta. Allt það magn sem veitt er umfram hinn úthlutaða kvóta fyrir árið 2014 skal dregið frá úthlutun til aðilans fyrir árið 2015.
5. Aðilar munu láta í té upplýsingar um kvóta og afla á því formi sem sett er fram í viðbæti við þennan viðauka. Hver aðili skal fyrir 1. maí 2014 láta Færeyjum, sem gestgjafa viðræðna um stjórnunarráðstafanir fyrir árið 2015, í té uppfærðar upplýsingar um heildarafla sinn á árinu 2013, úthlutun kvóta til annarra aðila á árinu 2013 og heildarbráðabirgðaafla sinn á árinu 2014. Færeyjar skulu senda þessar upplýsingar eins fljótt og unnt er til allra aðila þessa samkomulags.
6. Aðilar koma sér tvíhliða saman um aðrar ráðstafanir, m.a. um heimildir til veiða hver í annars fiskveiðilögsögu og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

II. VIÐAUKI

Fyrirkomulag langtímastjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Aðilar voru sammála um að framkvæma langtímastjórnunaráætlun vegna veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sem sé í samræmi við varúðarleiðina og sé ætlað að halda nýtingu innan öruggra líffræðilegra marka og tryggja sjálfbærar veiðar. Áætlunin skal samanstanda af eftirfarandi:

1. Leitast skal við eftir fremsta megni að halda hrygningarstofninum yfir hættumörkunum (Blim) 2.500.000 tonnum.
2. Að því er árið 2014 og eftirfarandi ár varðar voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar á grundvelli leyfilegs heildarafla í samræmi við fiskveiðidánarstuðul undir 0,125 fyrir viðeigandi aldurshópa eins og skilgreint er af ICES, nema vísindaráðgjöf í framtíðinni krefjist breytinga á þessum fiskveiðidánarstuðli.
3. Skyldi hrygningarstofninn minnka niður fyrir viðmiðunarmörkin 5.000.000 tonn (Bpa) skal aðlaga fiskveiðidánarstuðulinn sem getið er um í 2. mgr. í ljósi vísindalegs mats á ríkjandi aðstæðum til að tryggja að hrygningarstofninum verði með öruggum og skjótum hætti komið yfir 5.000.000 tonn. Grundvöllur slíkrar aðlögunar skal vera a.m.k. hlutfallsleg lækkun fiskveiðidánarstuðuls frá 0,125 við Bpa (5.000.000 tonn) niður í 0,05 við Blim (2.500.000 tonn).
4. Aðilar skulu, eftir því sem við á, endurskoða þessar stjórnunarráðstafanir og nýtingarstefnu á grundvelli nýrrar ráðgjafar sem ICES lætur í té.

III. VIÐAUKI

Erindisbréf.

Evrópusambandið, Færeyjar, Ísland, Noregur og Rússneska sambandsríkið koma sér saman um að setja á fót vinnuhóp til að safna upplýsingum og flokka þær um dreifingu allra æviskeiða (egg, lirfur, óþroskuð, fullþroskuð) norsk-íslensku síldarinnar í Norðaustur-Atlantshafi og Barentshafi, og um dreifingu veiða úr stofninum.

Vinnuhópurinn skal:

1. Kynna gögn um landfræðilega dreifingu, á grundvelli árlegra og ársfjórðungslegra mælinga, allra æviskeiða norsk-íslensku síldarinnar (lífmassi og magn eða viðeigandi áætluð gildi), eftir aldri og viðeigandi svæðum innan fiskveiðilögsögu ríkja og á úthafinu.
2. Taka saman aflagögn mánaðarlega, bæði heildarafla og flokkað eftir löndum, og flokkað eftir svæðum innan fiskveiðilögsögu ríkja og utan þeirra með eins mikilli nákvæmni og gögnin leyfa.

Dreifing skal reiknuð fyrir hvert áráanna 1995–2013.

Vinnuhópurinn skal bera upplýsingarnar sem safnað er og flokkaðar eru saman við niðurstöður vísindalegrar vinnuskýrslu um dreifingu norsk-íslenska síldarstofnsins sem skilað var árið 1995.

Vinnuhópurinn skal funda í London í nóvember 2013.

Lokaskýrslu skal skilað til aðila eigi síðar en 1. september 2014.

AGREED RECORD
of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring-spawning (Atlanto-Scandian) Herring stock in the North-East Atlantic for 2014

Reykjavik, 28 March 2014

1. A Delegation of Iceland, headed by Mr Kristján Freyr HELGASON, a Delegation of the European Union, headed by Mr John SPENCER, a Delegation of Norway, headed by Ms Sigrun M. HOLST and a Delegation of the Russian Federation, headed by Mr Yuri LEPESSEVICH, met in London on 4–6 February 2014 to consult on the management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock for 2014. This meeting was a continuation of previous meetings held in London. The consultations were finalised by correspondence.
2. The Delegations agreed to recommend to their respective authorities the arrangement for the regulation of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in 2014 set out in Annex I to this Agreed Record. Furthermore, they agreed to recommend to their respective authorities the long-term management arrangement set out in Annex II.
3. The Delegations noted that the European Union, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation had agreed in 2013 to establish a Working Group to collect and collate information on the distribution of all life stages (egg, larvae, immature and adult) of Norwegian spring-spawning (Atlanto-Scandian) herring in the North-East Atlantic and Barents Sea, and on the distribution of catches from this stock. The Terms of Reference for the Working Group are set out in Annex III.
4. This Agreed Record, including the bilateral arrangements related to the implementation of this Agreed Record, shall be applied provisionally from the date of signature and enter into force when all Parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.
5. The Delegations encouraged the Parties to develop their scientific research activities in order to improve the information available for the assessment and the management of the stock.
6. The Delegations agreed to set aside a quantity of 21,594 tonnes for the Faroe Islands based on the sharing arrangement agreed between the Parties in Oslo 18 January 2007.
7. The Delegations agreed to request Iceland as host of the consultations, to provide the North-East Atlantic Fisheries Commission (NEAFC) with a copy of this Agreed Record and its Annexes.

Reykjavik, 28 March 2014.

For the Delegation of Iceland
Kristjan Freyr HELGASON

For the Delegation of the European Union
John SPENCER

For the Delegation of Norway
Sigrun M. HOLST

For the Delegation of the Russian Federation
Yuri LEPESSEVICH

ANNEX I

1. A TAC (total allowable catch) for the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock of 418,487 tonnes is established for 2014.
2. In keeping with the above, the Parties will restrict their fishing on the herring stock in 2014 on the basis of the following quotas:

European Union	27,244 tonnes
Iceland	60,722 tonnes
Norway	255,277 tonnes
Russian Federation	53,650 tonnes
3. Each Party may transfer unutilised quantities of up to 10% of the quota allocated to the Party for 2014 to the quota allocated to that Party for 2015. Such transfer shall be in addition to the quota allocated to the Party concerned for 2015.
4. Each Party may authorise fishing by its vessels of up to 10% beyond the quota allocated. All quantities fished beyond the allocated quota for 2014 shall be deducted from the Party's allocation for 2015.
5. The Parties will provide information regarding quotas and catches in the format set out in the Appendix to this Annex. Each Party shall, by 1 May 2014, provide updated information to the Faroe Islands as host of the consultations on management measures for 2015 regarding their total catches in 2013, on any allocation of quotas to other Parties in 2013, and on their total provisional catches in 2014. The Faroe Islands shall forward this information as soon as possible to all Parties to this Arrangement.
6. Further arrangements, including arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties, are regulated by bilateral arrangements.

ANNEX II

**Arrangement on the Long-Term Management of the Norwegian Spring-Spawning
(Atlanto-Scandian) Herring stock**

The Parties agreed to implement a long-term management plan for the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock, which is consistent with a precautionary approach, intended to constrain harvesting within safe biological limits and designed to provide for sustainable fisheries. The plan shall consist of the following:

1. Every effort shall be made to maintain a level Spawning Stock Biomass (SSB) greater than the critical level (Blim) of 2,500,000 tonnes.
2. For 2014 and subsequent years, the Parties agreed to restrict their fishing on the basis of a TAC consistent with a fishing mortality rate of less than 0.125 for appropriate age groups as defined by ICES, unless future scientific advice requires modification of this fishing mortality rate.
3. Should the SSB fall below a reference point of 5,000,000 tonnes (Bpa), the fishing mortality rate, referred to under paragraph 2, shall be adapted in the light of scientific estimates of the conditions then prevailing to ensure a safe and rapid recovery of the SSB to a level in excess of 5,000,000 tonnes. The basis for such adaptation should be at least a linear reduction in the fishing mortality rate from 0.125 at Bpa (5,000,000 tonnes) to 0.05 at Blim (2,500,000 tonnes).
4. The Parties shall, as appropriate, review and revise these management measures and strategies on the basis of any new advice provided by ICES.

ANNEX III
Terms of Reference

The European Union, the Faroe Islands, Iceland, Norway and the Russian Federation agree to establish a Working Group to collect and collate information on the distribution of all life stages (egg, larvae, immature and adult) of Norwegian spring-spawning (Atlanto-Scandian) herring in the North-East Atlantic and Barents Sea, and on the distribution of catches from this stock.

The Working Group shall:

1. Present data on the geographical distribution on an annual and quarterly/survey basis of all life stages of Norwegian spring-spawning (Atlanto-Scandian) herring (biomass and abundance or their appropriate proxies) by age and by relevant areas under national fisheries jurisdiction and in international waters.
2. Tabulate catch data on a monthly basis, both total and divided by country, distributed by areas under national fisheries jurisdiction and beyond as precise as the data allow.

Distributions shall be calculated for each of the years 1995–2013.

The Working Group should compare the information collected and collated with the results of the scientific working report on zonal attachment of Norwegian spring-spawning (Atlanto-Scandian) herring delivered in 1995.

The Working Group shall meet in London in November 2013.

The final report shall be submitted to the Parties no later than 1 September 2014.